



Til sveitarstjórna

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 8. febrúar 2018
Tilv.: ANR18010588/2.3.2

Skipaður hefur verið starfshópur til að greina möguleika og gera tillögur um uppfærslur á raforkuflutningskerfi í dreifbýli með áherslu á þrífösun rafmagns. Tvær fyrri nefndir hafa tekið málið til skoðunar og skiluðu skýrslum 2002 og 2008 sem byggðu á upplýsingum frá sveitarstjórnnum um þörf fyrir þriggja fasa rafmagn í viðkomandi sveitarfélagi. Flest sveitarfélög svöruðu erindunum og í kjölfarið var stuðst við svörin við gerð áætlana um uppbyggingu kerfisins. Nú er svo komið að um 72% af dreifikerfinu er þriggja fasa, samanborið við 47% árið 2007. Hins vegar gera áætlanir ráð fyrir að þriggja fasa dekkun verði ekki lokið fyrr en árið 2034. Ef hraða á endurnýjun og tryggja rétta forgangs röðun þá er mikilvægt að endurtaka þarfagreiningu fyrir heimili og fyrirtæki í dreifbýli. Þó er vert að taka fram að einungis um helmingur þeirra sem hafa aðgang að þriggja fasa rafmagni hefur kosið að notfæra sér þann möguleika. Niðurstöður kannana hafa sýnt að aðilar sem mesta þörf hafa á þriggja fasa tengingu stunda ýmis konar smáiðnað, reka ferðaþjónustu en einngi hafa stórbýli þörf fyrir þriggja fasa rafmagn.

Í starfshópnum eiga eftirfarandi sæti:

Haraldur Benediktsson, alþingismaður, formaður
Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, alþingismaður
Hólmfríður Sveinsdóttir, fulltrúi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis
Sigurður H. Magnússon, fulltrúi Orkustofnunar
Sandra Brá Jóhannsdóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga

Hér með er leitað aftur til sveitarstjórna í landinu og þær beðnar um að veita upplýsingar um hvar sé mest og brýnust þörf á tengingu við þriggja fasa rafmagn í viðkomandi sveitarfélagi og til hvaða starfsemi. Hjálagt er eyðublað sem æskilegt er að nota við skil þessara upplýsinga. Bent er á að berist ekki svar frá sveitarfélaginu getur það skekkt heildarmyndina varðandi niðurstöður vinnuhópsins. Óskað er eftir að svar berist ráðuneytinu eigi síðar en 1. apríl 2018. Svar má einnig senda með rafrænum hætti á postur@anr.is

Fyrir hönd starfshóps

Erla Sigríður Gestsdóttir

Erla Sigríður Gestsdóttir